



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2019 – 2020

Leikskólinn Grandaborg



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: <i>Vinátta – samkennd - virðing</i>	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	5
2.1 Innra mat Klettavíkur	5
2.2 Innra mat Bergvíkur (Öldu- Skeljavíkur)	7
2.3 Innra mat Fjöruvíkur	8
3 Ytra mat.....	9
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	9
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	9
6 Foreldrasamvinna	10
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	10
8 Fylgigögn	11
8.1 Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning	11
8.2 Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	11
8.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs.....	11
8.4 Fylgiskjal 4 – Umbótaáætlun deilda	11
8.5 Fylgiskjal 5 – Umbótaáætlun sérkennslu og annað móðurmál en íslenska	11
8.6 Fylgiskjal 6 – Umbótaáætlun Grandaborgar og samstarfsskólanna þriggja.....	11
8.7 Fylgiskjal 7 – Umbótaáætlun ytra mat.....	11
8.8 Fylgiskjal 8 – Viðburðadagatal Grandaborgar 2018 - 2019	11
8.9 Fylgiskjal 9 – Sí- og endurmenntun starfsmanna 2018 – 2019	11
8.10 Fylgiskjal 10 – Viðhorfskönnun meðal starfsmanna 2019.....	11
8.11 Fylgiskjal 11 – Viðhorfskönnun meðal foreldra 2019	11
8.12 Fylgiskjal 12 – Skóladagatal Grandaborgar 2019 - 2020.....	11



Leiðarljós leikskólans: *Vinátta – samkennd - virðing*

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018 – 2019 var barnafjöldi Grandaborgar um 70 börn en rekstrarleyfi er fyrir 78 börnum. Ástæða þess að ekki tókst að fylla skólann er fyrst og fremst sú að ekki tókst að ráða hæfa kennara til starfa. Starfsmannafjöldi skólaársins var að meðaltali 22 starfsmenn í hinum ýmsu stöðum. Á hverri deild fyrir sig var aukið við stöðugildi sem nam afleysingu til undirbúnings og skammtíma veikinda. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, sérstaklega þegar undirbúningur var skipulagður.

Skólaárið 2018 – 2019 einkenndist einnig af miklum breytingum, eins og svo mörg önnur ár. Meðal annars varð breyting á skipulagi deilda og breytingar í starfsmannahaldi meðal annars vegna tóku fæðingarorlofs, langtímaveikinda eða kennarar fóru til annarra starfa. Fyrirséð er að breyting verður í starfsmannahópnum á næsta skólaári þar sem kennarar eru að flytja, taka út fæðingarorlof eða fara í nám. Búið er að ráða í flestar stöður sem vitað er að vantar í út frá barnafjölda sem áætlaður er næsta skólár. En til að geta uppfyllt rekstrarleyfið þá vantar að ráða í a.m.k. tvær stöður og stendur sú vinna enn yfir. Einnig breyttist fyrirkomulag kaffítíma með þeim hætti að kjarasamningsbundnum tveim kaffítímum var skellt saman í einn. Áður voru þeir frá kl. 9:00 – 9:15/9:15-9:30 og 13:00-13:20/13:20-13:40. Nýja formið er frá kl. 12:45-13:20/13:25-14:00. Þetta fyrirkomulag hentar betur varðandi starfsemi á deildum vegna þess að nú er hægt að byrja kl. 9:00 á skipulagi en áður þurfti að bíða þar til kennarar væru búnir að taka sinn kaffítíma.

Ákvörðun um stofnun ungbarnadeildar gekk vel fyrir sig en vegna breytinga á biðlista þá var aldurssamsetningin ekki nægilega góð þar sem aldur barna á deildinni var frekar hár. Aðlögunin gekk ágætlega en hún tók lengri tíma en áætlað var í fyrstu og verður horft til gengis aðlögunar fyrir næsta skólaári. Allt bendir til að þannig verði staðan einnig á næsta skólaári því einungis eru þrjú börn fædd 2018 skráð á deildina. Hvað veldur því að aldursblöndunin er ekki góð er líklegast að eftirspurn eftir plássi í Grandaborg vegna eldri barna en oft áður hefur verið.

Breyting á miðdeildinni, Bergvík (Öldu- Skeljavík), gekk vel fyrir sig miðað við að búin var til ein deild úr tveim með það að markmiði að mynda sterkari hóp barna sem væru búin að vera ákveðinn tíma í leikskólanum og væru örugg í aðstæðum. Vegna fjölda barna og annarra utanaðkomandi áhrifa þá náðist ekki sú festa í hópnum sem lagt var upp með. Sú reynsla mun koma okkur til góða fyrir næsta skólaár og mun skipulag deildarinnar taka mið af hvernig gekk.

Innleiðing heilsustefnunnar í samvinnu við Heilsuleikskóla hélt áfram á skólaárinu. Enn sem komið er skilgreinumst við „leikskóli á heilsubraut“ en á skólaárinu var farið í fulla vinnu eftir áramót við að skrá í heilsubók hvers barns fyrir sig. Allir foreldrar sem hófu aðlögun á skólaárinu fengu kynningu á verkefninu og var jákvæðni mikil í foreldrahópnum gagnvart þessari stefnu. Aðrir foreldrar fengu ekki kynningu á heilsubókinni fyrir utan foreldaráð Grandaborgar vegna þess að haustfundir voru ekki haldnir. Ástæða þess að haustfundir voru ekki haldnir var í raun skipulagsleysi en einnig vegna þeirra breytinga sem áttu sér stað vegna ungbarnadeildar. Reynsla sem hlaut af því að sleppa kynningarfundum foreldra er að nú verða þessir fundir settir inn í skóladaðagatalið með föstum dagsetningum.

Útinámið sem hefur verið að festa sig í sessi í skólastarfinu hefur gengið vel í vetur og er alltaf að þróast. Þessar stundir eru með mismunandi hætti á hverri deild fyrir sig en er alltaf að



þróast og er fjölbreytni í þessum stundum alltaf að aukast. Farið er á svæði í kringum skólann og stundir nýttar til málörvunar, stærðfræðikennslu, umhverfisfræðslu og margt annað en einnig eru söfn og áhugaverðir staðir á höfuðborgarsvæðinu nýtt til fræðslu.

Á skólaárinu 2017 – 2018 var unnið að aðlögun milli deilda, eftir áramót, með því að vera með flæði milli deilda þrisvar í mánuði og þá á föstudögum. Á síðasta skólaári þá datt þessi þáttur út í starfsemi Grandaborgar. Þegar sumarstarfið tók til starfa, með útivali tvisvar sinnum í viku, þá uppgötvuðum við mikilvægi þess að vera með flæði þar sem yngri börn leikskólans voru mun öruggari þegar þeir hittu kennara af öðrum deildum. Fyrirséð er að setja flæði milli deilda aftur inn í starfsemi leikskólans eftir áramót og um leið að festa í sessi þennan mikilvæga þátt í aðlögun barna.

Eins og áður þá reyndi á þann starfsmannahóp, sem var til staðar í leikskólanum, að leiðbeina nýju fólki að aðlagast og kynnast starfsháttum Grandaborgar. Ýmislegt sem hafði verið til staðar til að auðvelda breytingar var að leyfa öllum, og þá sérstaklega þeim sem ekki tilheyrðu stjórnendateymi, að finna til sín í ákvarðanatöku á starfsháttum. Haldið var áfram með að hafa fund í þeim hópi einu sinni í viku um mál- og viðfangsefni sem unnin eru á deildum. En vegna veikinda og mikillar fjarveru í starfsmannahópnum þá urðu þessir fundir ekki eins reglulega og lagt var upp með. Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku. Á þeim fundum var faglegt starf skipulagt og rætt auk annarrar ákvarðanatöku sem tekin er í stjórnendateymi skólans.

Skipulagsdagar voru sex á skólaárinu eins og gert er ráð fyrir. Þeir dagar voru nýttir undir endurmat og skipulag á starfsemi leikskólans auk fræðslu fyrir allan starfsmannahópinn til að mynda komu Kristín Hildur og Ásdís Olga frá Skóla- og frístundasviði með fræðslu um innra mat í leikskólum og Hlín Magnúsdóttir með kynningu á fjölbreytileika kennsluaðferða. Meðal niðurstaðna í endurmati er að aðkoma barna að skipulagi og starfsháttum þarf að vera meiri og er það eitt af því sem unnið verður betur að á næsta skólaári.

Viðburðir á skólaárinu auk sí- og endurmenntunar kennara og annarra starfsmanna var mjög mikið og fjölbreytt (sjá fylgiskjal 7)



2 Innra mat deilda

2.1 Innra mat Klettavíkur

Samverustundir hafa almennt gengið vel. Við vorum með söngstundina á morgnanna ásamt því að taka smá spjall með börnunum. Við byrjuðum yfirleitt á spjallinu og í haust þá var áhersla lögð á afmælisdaga barnanna, á heimilisföng þeirra og einbeittum okkur af þeim sjálfum. Við ræddum oft um það sem var að gerast hverju sinni og það sem þau höfðu áhuga á að ræða. Síðan leið á veturinn og þetta samfélags spjall datt svolítið upp fyrir sig. Fyrir næsta vetur þá ætlum við að leggja meiri áherslu á þetta spjall. **Söngstundirnar** gengu mjög vel og börnin lærðu heilmikið af allskonar textum. Þau voru ekkert alltaf tilbúin í mikinn söng svona snemma á morgnanna. Því kom upp sú hugmynd að fara yfir textana á morgnanna en syngja meira í samverustund eftir kaffitímam. Þegar börnin voru búin að syngja á morgnanna þá fengum við umsjónarmanninn til þess að segja okkur frá veðrinu (**veðurfræðingur**) sem var mjög lærdómsríkt fyrir börnin og við viljum halda því áfram.

Hópverkefni gengu misvel. **Myndlistin** gekk mjög vel. Við ákváðum í vetur að hafa flæði á myndlistinni. Kennarinn spyrði hver vildi fara í myndlist og valdi ca. 4 til þess að koma með sér. Síðan þegar einhver kláraði þá kom hann inn á deild og spurði hver vildi fara næst. Þannig gekk þetta koll af kalli þar til allir voru búnir. Þannig höfðu börnin tækifæri til þess að ákveða sjálf hvort þau væru tilbúin til þess að stoppa leikinn og fara í myndlist eða hvort þau vildu leika aðeins lengur að fara aðeins seinna. Það var mikil ánægja með þetta og stefnt er að því að halda þessu fyrirkomulagi áfram. **Hreyfingin** í KR gekk vel en það þarf að undirbúa tímana betur og hafa þá markvissari. Eins komumst við að þeirri niðurstöðu að þessi tími eigi bara að vera fyrir skólahópinn til þess að það séu ekki settar of miklar kröfur á þau yngri. Eins til þess að skólahópurinn fái að njóta sín. Hvað **útinámið** varðar þá gekk það vel þegar við fórum. Vegna fárra starfsmanna þá var erfitt að undirbúa allt og útinámið sat oft á hakanum. Við viljum hafa útinámið markvissar og tengja það betur þeim sem við erum að vinna með. Við fórum til dæmis og skoðuðum húsin hjá öllum á deildinni til þess að gera þau meðvitaðri um umhverfi sitt en unnum lítið með það inn á deild í framhaldinu. Það kom upp sú hugmynd að gera þetta verkefni aftur og hafa það enn stærra og vinna meira með það inn á deild þegar heim er komið. Eins að tengja gamla tímann og vor í Vesturbæ betur inn í útinámið.

Hvað **verkefnavinnu** varðar þá þarf að gera betur næsta vetur, vinna betur með málörvun í allskonar verkefnum. Við byrjuðum í vor að gera þetta skipulagðara, það er skipuleggja jafn mörg verkefni og hóparnir eru margir og láta þau svo rúlla. Dæmi: einn hópur vinnur með ljóð, annar með einhver hugtök og þriðji í málörvunarspili. Þetta gekk mjög vel og það var mikil ánægja með þetta hjá bæði starfsfólki og börnum og planið er að halda því áfram.

Í vetur fórum við lítið í **flæði**. Við viljum gjarnan taka það upp aftur þó svo það sé þá bara á milli Klettavíkur og Bergvíkur. Okkur finnst svo mikilvægt að sérstaklega yngri börnin fái að kynnast þeirri deild sem þau eru að fara að færast yfir á. Eins kynnast börnin hinum börnunum og öðrum kennurum í húsi.

Það hefur gengið ágætlega með **matarborðin** í vetur. Í haust ákváðum við að taka vel á þessu bæði hvað varðar hegðun og sjálfshjálp. Til að byrja með unnum við með frágang á vagni sem gekk vel. Síðan færðum við okkur yfir á matarborðið sjálft þar sem þau skömmtuðu sér sjálf nema þegar eitthvað mjög heitt var á borðinu. Eftir áramót fórum við að hvetja þau til þess að nota hnífinn meira og passa upp á hreinlæti við matarborðið. Þetta er allt þættir sem ganga vel í dag. Það sem þyrfti að leggja meiri áherslu á til viðbótar við þetta eru almennir borðsiðir.



Sögustund hefur verið með flottu sniði í vetur. Við lásum framhaldssögu með elstu börnunum, auðveldari sögur með þeim yngstu. Tókum þau sem þurftu á auka málörvun að halda í minni hópa og unnum með sögur, leiki og almenna málörvun í þessum tímum. Við unnum með orðaspjalls aðferðina sem gekk mjög vel og vakti mikinn áhuga á orðum hjá börnunum. Hins vegar hefði mátt skipuleggja hvaða bækur á að lesa betur í upphafi. Skipuleggja hvaða bækur við ætlum að lesa fyrir áramót og svo aftur eftir áramót.

Við unnum frekar mikið í **frjálsa leiknum** fyrir áramót. Eftir að starfsfólk fór að sitja meira með börnunum í leik og fylgjast almennt meira með leiknum þá gekk allt miklu betur. Það hafði í för með sér að starfsfólkið kynntist meira öllum börnunum og vita mun betur hvar börnin standa félagslega. Í dag erum við á góðum stað hvað leikinn varðar. Það hjálpar til að hafa alltaf eitthvað fönður í boði, gefur krökkunum tækifæri til þess að vera skapandi og það minnkar áreitið inn á deild.

Okkur gekk misvel að vinna með **þemu**. Við náðum að vinna vel með „ég sjálf/sjálfur“ og „umhverfið mitt“ í haust. Við töluðum mikið um líkamann okkar, heimili og afmælisdaga okkar. Fórum og skoðuðum hvar allir ættu heima. Hins vegar viljum við í framhaldinu af þessu vinna betur með þemað á næsta skólaári. Gera meira úr því inn á deild og hafa verkefni sem vinnst yfir langan tíma. Eins eftir áramót þegar kemur að „gamla daga“ þemanu þá viljum við gera betur. Það náðist að vinna ágætlega með þemað „vor í Vesturbænum“ en eins og áður segir þá væri hægt að gera þessi þemu meira áberandi í starfinu.

Umbótaáætlun Klettavíkur fyrir 2019 – 2020 (sjá fylgiskjal 4)



2.2 Innra mat Bergvíkur (Öldu- Skeljavíkur)

Á deildinni voru sjö starfsmenn með 25-28 börn, þar af einn starfsmaður sem sinnti stuðningi. Starfsmenn skiptu með sér verkefnum sem tengdust hópatímum bæði skipulagi og framkvæmd.

Einn kennari tók að sér að sinna myndlistarkennslu, einn sá um útinám, einn sá um hreyfingu, einn sá um ljósmyndir, og einn sá um málörvun, deildarstjóri og starfsmaður í stuðning voru utan þessa skipulags. Öllum starfsmönnum var frjálst að koma með hugmyndir að verkefnum eða stýra hópatíma. Þetta fyrirkomulag hentaði deildinni mjög vel og var hægt að sinna þessum verkefnum vel, og hafa þau fjölbreytt og viðfangsefni við hæfi. Til þess að þetta gengi upp fengu þeir starfsmenn sem sinntu sérverkefnum ríflegan undirbúningtíma og voru starfsmenn samstíga með það að finna lausnir til að ná að hafa undirbúning þó að forföll kæmu upp.

Í samræmi við umbótaáætlun 2017-2018 var farið í þá aðgerð að breyta kaffitíma starfsfólks, sú breyting hefur verið mjög jákvæð fyrir hópastarfið á deildinni og gert það að verkum að tíminn á morgnanna hefur nýst mun betur.

Mikil áhersla var lögð á málörvun á deildinni og breyting gerð á síðdegissamveru til þess að nýta betur sem markvissa málörvun. Unnið var með hvert matarborð í lok síðdegishressingar og valin spil eða leikir til að örva málþroska. Starfsmaður sem var ábyrgur fyrir málörvun á deildinni undirbjó efni sem hægt var að nýta í þessum stundum.

Umbótaáætlun Bergvíkur 2019 – 2020 (sjá fylgiskjal 4)



2.3 Innra mat Fjöruvíkur

Haustið 2018 voru deildarnar Skeljavík og Ölduvík sameinaðar í Fjöruvík og ungbarnadeild tekin í gagnið. Á deildinni eru 22 börn á blönduðum aldri en aldurskipt í hópa eins og hægt var. Vegna ungs aldurs þá var þessi fjöldi of mikill á einni og sömu deildinni. Sérstaklega vegna þess að fleiri ung börn kalla á fleiri kennara og fyrir vikið verður rými sem nota á fyrir leik litið þar sem fullorðnir taka meira pláss en börn.

Skipt er í vetrar- og sumarstarf samkvæmt námskrá leikskólans. Markvisst hópa og sérgreinastarf á vetrarönn og í sumarstarfi meiri áhersla lögð á útiveru.

Eins og undanfarin ár skiptist þema vetrarins í þrjá hluta, *Ég og umhverfi mitt*, *Gamli tíminn* og *Fuglarnir í vesturbænum*. Unnið er með þessi þemu í öllum sérgreinum, samverustundum, frjálsum leik og þar sem umræður skapast. Fyrir næsta skólaár verður breyting á þema vorsins í leikskólanum og mun það kallast *Vor í vesturbænum*.

Starfsmenn deildarinnar, sem voru að jafnaði 7, hafa skipt með sér verkum sem tengjast sérgreinum þar sem einn kennari sinnir myndlist, annar hreyfingu og þriðji útinámi. Hvert barn fór einu sinni í viku í hverja sérgrein. Aðrir starfsmenn voru stuðningur við hóp í sérgrein. Sérgreinakennarar áttu samstarf um þema sem unnið var með. Skráningar fyrir hverja sérgrein voru sýnilegar á gangi fyrir foreldra auk þess voru myndum deilt á Instagram reikningi deildarinnar. Til hliðsjónar er Heilsubók barnsins ásamt grunnþáttum menntunnar svo sem náttúru- og félagslæsi, hreyfing, sköpun og vísindi.

Í öllu starfi á deildinni höfum við lagt áherslu á félagsfærni. Við höfum kennt börnunum að virða mörk sín og annarra og góð samskipti með því að nota orðin.

Börnin hafa verið hvött til sjálfshjálpar í fataklefanum þar sem börnin hafa stuðst við myndrænt skipulag við útiklæðnað. Miklar framfarir í sjálfshjálp og sjálfstæði ásamt markvissri málörvun í fataklefanum. Á matmálstímum hefur verið lögð mikil áhersla á að öll börnin noti hnífapör og æfi sig í að hella vatni úr könnu auk þess að ganga frá eftir sig. Einnig hefur verið umræða um matarsóun.

Á vorönn voru farnar nokkrar safnaferðir með eldri tvo hópa deildarinnar. Eftir heimsókn á Ljósmyndasafn Reykjavíkur var unnir frekar með myndir þar sem börnin völdu myndefni og ræddu það.

Samverustund hefur verið notuð í málörvun og höfum við hlustað á *Lubbi finnur málbein* þar sem hver stafur hefur verið tekinn fyrir í viku í senn. Einnig skiptust börnin á að hafa með sér bók að heiman sem lesnar hafa verið í samveru. Þessi markvissa málörvun hefur aukið hljóðkerfisvitund og skilað sér í skýrari framburði.

Aukin áhersla hefur verið lögð á lýðræði en stefnt er að því að gera enn betur á komandi skólaári.

Upplýsingaflæði til forráðamanna hefur verið í formi vikulegra tölvupósta, Instagram, töfluskrifum og miðum í hólfi ásamt samtölum beint við foreldra. Samvinna er góð milli heimilis og skóla.

Umbótaáætlun Fjöruvíkur 2019 – 2020 (sjá fylgiskjal 4)



3 Ytra mat

Ytra mat skólaársins 2018 – 2019 var í formi kannana í starfsmannahópnum annars vegar og hins vegar í foreldrahópnum. Könnunin fór fram rafrænt og birtist hún hjá stjórnanda í gegnum Qliksense.reykjavik.is

Niðurstöður á könnunum var mjög jákvæð meðal starfsmanna og hafa margir þættir sem skoðaðir voru farið upp á við og lagast að öllu leyti frá síðustu könnun, til að mynda upplifun starfsmanna á áreitni frá samstarfsfólki. Þættir eins og móttaka nýliða og er þáttur sem þarf að vinna í og verður sá þáttur hafður til hliðsjónar til umbótaþátta (sjá fylgiskjal 7)

Niðurstaða út foreldrakönnun var einnig góð. Svarhlutfall var 69,2% sem er mjög gott og erum við þakklát fyrir að foreldrar láta skoðanir sínar í ljós. Allt er það gert til að við sem í leikskólanum störfum getum gert enn betur (sjá fylgiskjal 6)

Mikilvægi ytri kannana er nauðsynleg fyrir skólastarfið í heild sinni, sérstaklega þegar litið er til umbóta í starfi. Margt getur haft áhrif á kannanir s.s. ófyrirséðir atburðir eins og langvarandi veikindi kennara eða starfsmanna, skortur á upplýsingum til og frá kennurum og foreldrum eða jákvæð upplifun starfsmanna og foreldra á starfsemi leikskólans. Til að starfsemi geti þróast og styrkst er mikilvægt að könnunum sé svarað.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl áttu sér stað yfir allt árið. Flest þeirra fóru þó fram eftir áramótin og fram á sumarið.

Fræðsla (sí- og endurmenntun) í starfsmanna- og kennarahópnum var með margvíslegum hætti og var lögð áhersla á að bjóða upp á almenna fræðslu sem nýtist hópnum sem heild. Einnig voru nokkrir kennarar sem fóru á ýmiss konar námskeið, ráðstefnur, fundi og fleira (sjá fylgiskjal 8).

Í stjórnendateymi Grandaborgar var mikil umræða hvernig hægt er að miðla fræðslu til kennara þegar færri einstaklingar fara á námskeið, fundi og ráðstefnur. Eftir fræðslu sem þrjú kennara fengu um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna voru haldnir tveir stuttir kynningarfundir, 30 mínútur í senn, fyrir allan hópinn og gafst það vel. Ákveðið var að halda því formi áfram í framtíðinni.

Markmið fyrir næsta skólaár, hvað varðar sí- og endurmenntun kennara og starfsmanna, verður áherslan lögð á nýja menntastefnu með áherslu á félagsfærni, sjálfseflingu og málörvun. Einnig verður haldið áfram með áherslu á fræðslu sem nýtist hópnum sem heild.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsáætlun 2018 – 2019 milli Grandaborgar og Grandaskóla, eins og annarra leikskóla sem eru með Grandaskóla sem heimaskóla, byggði á þeim þáttum sem *Læsi í leiðinni*, þróunarverkefni Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar auk Ægisborgar, hefur skilað. Börnin hafa tekið þátt í sameiginlegum verkefnum sem tengjast læsisvinnu beggja skólastiga auk heimsókna á milli leikskólanna. Markmið verkefnisins er að börnum úr leikskólunum Grandaborg, Gullborg og Ægisborg veitist auðvelt og eðlilegt að byrja í grunnskóla og þeim líði vel og eiga leikur og læsi að vera grunnhugtök í aðlögun barnanna milli skólastiga. Markmiðið er einnig að börnin upplifi eðlilega framvindu í námi sínu við að flytjast um skólastig og að þar sé fleira líkt en ólíkt.



Samstarf þessara tveggja skólastiga hefur verið í ákveðnum farvegi undanfarin ár en helst hefur skort á nákvæmu skipulagi dagsetninga áður en skólaárið hefst. Fulltrúar Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar munu hittast í ágúst og ákvæða þær. Fyrir næsta skólaár verður samstarfið eftirfarandi;

- Í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.
- Grandaborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í desember.
- Í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskólanum og „vísiterað“ á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.

Eftir þróunarverkefnið kom reynsla á samvinnu milli leikskóla með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár. Skólaárið 2018 – 2019 var samstarfið ekki nægilega mikið og ákveðið hefur verið að bæta úr því á næsta ári og komandi framtíð og koma á skipulagi yfir skólaárið hvað það varðar (sjá fylgiskjal 5)

6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna skólaárið 2018 – 2019 var mikil á hverri deild fyrir sig. Þeir sem hafa tök á koma inn á deildir þegar komið er með börnin eða þau sótt. Einnig er samvinna mikil þegar kemur að dögum eins og sumarhátíð, jólaverkstæði, bóndadegi og konudegi. Þá eru foreldrar áhugasamir og eru þátttakendur í leikskólalífi barna sinna.

Samvinna leikskólans við foreldrafélag þetta skólaárið var aðallega í gegnum formann félagsins. Það skipulag sem tengist foreldrafélaginu er í föstum skorðum og gengur það þess vegna vel. Hins vegar er virkni foreldra í foreldrafélaginu ekki mikil og því þarf að breyta. Ein ástæðan gæti verið að ekki voru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra að hausti eins og tíðkast hefur. Þau mistök kenna okkur að þá fundi þarf að halda og þá sérstaklega til að allir foreldrar fái góða innsýn inn í það starf sem áætlað er að fari fram yfir skólaárið ekki síður en að þeir fái kynningu á hvernig aðkoma þeirra á starfsemi í leikskólanum getur verið í gegnum foreldrafélagi leikskólans. Virkni foreldra er mikilvæg og hún er einn þáttur í góðu samstarfi milli heimilis og skóla.

Sama er að segja um foreldraráð leikskólans. Ekki voru haldnir fundir á árinu en leikskólastjóri var í samskiptum við annan þeirra aðila sem var í foreldraráði leikskólans skólaárið 2017 – 2018. Sá aðili var mjög áhugasamur um það sem snýr að leikskólanum og var sá hinn sami með skoðanir sem komið var á framfæri til að mynda til skóla- og frístundsviðs og þess aðbúnaðar sem tilheyrir leikskólanum. Sama er með foreldraráð og foreldrafélag leikskólans að ekki tókst að skipa í ráðið og var fulltrúi foreldra frá fyrra ári enn tengiliður við leikskólann. Úr þessu verður bætt og er það tillaga foreldraráðsfulltrúans að ef ekkert foreldri bjóði sig fram á kynningarfundum að hausti þá muni leikskólastjóri skipa fulltrúa af hverri deild fyrir sig í ráðið.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á skólaárinu 2018 – 2019 voru sex skipulagsdagar og voru þeir nýttir meðal annars til endurmats og skipulags fyrir skólaárið auk þess að fengnir voru aðilar með kynningar sem tengjast meðal annars sí- og endurmenntun leikskólans (sjá fylgiskjal 8).



Á skólaárinu 2019 – 2020 verða dagarnir nýttir með svipuðu formi og undanfarin ár þ.e. fræðsla og endurmat.

Fyrir áramótin verður áhersla lögð á þætti tengda nýrri menntastefnu með áherslu á félagsfærni. Auk þess verður farið í samstarf með Gullborg og Ægisborg með áherslu á sjálfseflingu. Einstaklingar frá KVAN munu vinna með okkur í því samstarfi og vera með sameiginlegt námskeið í september 2019 fyrir alla leikskólana en einnig sérskipulagða daga í nóvember 2019 og janúar 2020 í hverjum leikskóla fyrir sig. Markmið með þessu samstarfi er að auka á samvinnu leikskólanna þriggja en einnig til að styrkja starfsmannahópana þannig að þeir séu í stakk búinn að vinna vel með þætti sem tengjast nýrri menntastefnu.

Í leikskóladagatali Grandaborgar verður sýnilegir helstu viðburðir skólaársins, lokunardagar vegna skipulagsdaga og lögbundna frídaga svo eitthvað sé nefnt (sjá fylgiskjal 11).

Einnig verður haldið áfram að vera með mánaðaskipulag sýnilegt í fataherberjum allra deilda.

8 Fylgigögn

- 8.1 Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning
- 8.2 Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- 8.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs
- 8.4 Fylgiskjal 4 – Umbótaáætlun deilda
- 8.5 Fylgiskjal 5 – Umbótaáætlun sérkennslu og annað móðurmál en íslenska
- 8.6 Fylgiskjal 6 – Umbótaáætlun Grandaborgar og samstarfsskólanna þriggja
- 8.7 Fylgiskjal 7 – Umbótaáætlun ytra mat
- 8.8 Fylgiskjal 8 – Viðburðadagatal Grandaborgar 2018 - 2019
- 8.9 Fylgiskjal 9 – Sí- og endurmenntun starfsmanna 2018 – 2019
- 8.10 Fylgiskjal 10 – Viðhorfskönnun meðal starfsmanna 2019
- 8.11 Fylgiskjal 11 – Viðhorfskönnun meðal foreldra 2019
- 8.12 Fylgiskjal 12 – Skóladagatal Grandaborgar 2019 - 2020

F. h. leikskólans Grandaborgar

Helena Jónsdóttir

Reykjavík 8. júlí 2019

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Aðstoðarleikskólastjóri sinni starfi sérkennslustjóra síðastliðinn vetur. Kemur það til annars vegar vegna þess að ekki tókst að ráða í stöðuna fyrir skólaárið 2018 – 2019. Hins vegar er ástæða að ekki var ráðið í stöðun er að aðstoðarskólastjóri býr yfir mikilli reynslu á stuðningsstarfi og áhugi var til staðar um að sinna þessu starfi.

Starf sérkennslustjóra einkenndist af samráði við deildastjóra og kennara í öllu stafi út frá AEPS matskerfi ásamt markmiðum í Heilsubók barnsins. Nokkuð var um íhlutanir hjá börnum með málþroskafrávik út Hljóm-2 og EFI – matskerfum. Umsóknir með upplýsingum og niðurstöðum úr skimunum var sent inn til talmeinafræðinga þjónustumiðstöðvar VMH (Vesturbær, Miðborg og Hlíðar). Sú þjónusta hefur ekki verið áður fyrir börn sem þurftu á málþroskamati að halda, að talmeinafræðingar kæmu í leikskólann og tóku matið þar. Niðurstöður talmeinafræðings gaf til kynna hvort vísa þyrfti börnum á sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga eða unnið var út frávikum í leikskólanum ef um lítilvægleg verkefni að ræða. Skilafundir voru með foreldrum og kennurum. Samfara sérstakri þjálfun með börnum með málþroskaröskun var lögð áhersla á málörvun fyrir öll börn.

Auk sérkennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöð VMH þá höfum við nýtt þjónustu frá hegðunarráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingum.

Reglulega voru haldnir teymisfundir með foreldrum í samráði við sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og sálfræðing Þjónustumiðstöðvar. Þeir fundir hafa einnig verið nýttir til fræðslu og ráðgjafar um viðkomandi börn.

Málörvun og snemmtæk íhlutun fór fram á öllum deildum. Á yngri deildum var markviss hlustun á „Lubbi finnur málbein“. Efi - 2 athugun var tekin á öllum 3ja og 4ra ára börnunum og er það matstæki sem er komið til að vera í leikskólanum. Til margra ára hefur Hljóm2 skimunarpróf verið tekið á elstu börnum leikskólans og þær niðurstöður voru kynntar foreldrum.

Á skólaárinu var farið í dýpri ígrundun á málörvun út frá barnahópnum annars vegar sem heildar og hins vegar út frá einstaklingum.

Starfsmenn fengu fræðslu frá „Miðju máls og læsis“ um mikilvægi málnotkunar í öllu starfi. Hvernig málörvun geti farið fram í daglegu starfi við öll börn. Farið var yfir áhersluþætti á bókalestri og um þátttöku starfsmanna í leik barnanna. Markmiðið var að virkja allan kennarahópinn til að vera góðar fyrirmyndir og einnig til að finna verkfæri þannig að tjáning og sjálfsefling myndi eflast í barnahópnum.

Á haustdögum skólaársins upphófst mikið skipulag og vinna á gögnum, leikefni og spilum sem möguleiki er á að nota í málörvun. Spil voru flokkuð og útbúnir voru rennilásapokar með verkefnum til að nota í markvissri málörvun. Pokarnir voru flokkaðir í mismunandi þætti málörvunar til að gera alla þætti aðgengilega fyrir kennara. Þessi verkefni voru notuð í litlum samverustundum/sögustundum í lok nónhressingar sem og í öðrum stundum. Einnig hefur verið notast við myndir fyrir söngtexta og vísur ásamt „loðtöflusögum“.

Í samráði við sérkennslustjóra var einn starfsmaður á deild gerður ábyrgur fyrir verkefnum til málörvunar. Notast var við æfingakerfið m.a. „Lærum og leikum með hljóðin“ Orðagull og



Orðaskil. Börn á eldri deildum sem þurftu sérstaka málörvun fengu lestur og verkefni við þeirra hæfi á meðan flóknari bókalestur var fyrir hópinn.

Á komandi vetri er ætlunin að styðjast enn betur við „**Orðaspjall**“ aðferðina við lestu bóka og í daglegum samskiptum. Bókin um „**snemmtæka íhlutun í málörvun**“ verður ígrunduð ásamt að nýta betur almenn borðspil og **Orðagull** til málörvunar í öllum leikskólanum. Auk „Heilsubókar barnsins“, sem er einstaklingskrá fyrir hvert og eitt barn í leikskólanum, er fyrirhugað að nota „Gátlista talmeinafræðinga Reykjavíkurborgar“ á öllum deildum til viðmiðunar í málþroska barna. Einnig verður stuðst við „Orðaforðalista Menntamálastofnunar“

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2 börn	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	1	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	nei	Er langt á veg komin
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	



Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð VMH, Greiningarstöð ríkisins, Æfingastöðin, talmeinafræðingur á stofu.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
